

**Ed.**

**311. Framvarp**

til laga um læknisskoðun aðkomuskipa.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land i höfn, og skal þá fram fara læknisrannsókn um heilbrigði á skipinu, áður en það hafi samgöngur við land. Áður en heilbrigðisrannsókn þessi hefir farið fram, má enginn maður fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út i

skipið úr landi eða frá öðrum skipum, að undanteknum lækni og aðstoðarmanni hans. Engan farangur má setja fyr í land en læknisrannsókn hefir fram farið.

Heilbrigðisstjórninni er heimilt að veita með reglugerð undanþágu frá framangreindum ákvæðum fyrir aðkomuskip, sem koma kunna á hafnir, þar er læknir á ekki heima, og fyrir aðkomuskip, þar er embættislæknir á að visu heima, en er fjarstaddur, þegar skipið hafnar sig. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði, er tryggi það svo sem verða má, að sóttir berist ekki í land, þótt læknisrannsókn sje slept.

## 2. gr.

Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, ber lækni 8 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 12 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 20 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum. Heldur læknir dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sje sóttkviður vegna rannsóknarinnar, þangað til sóttkviun er lokið.

## 3. gr.

Ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi fallin.

## Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa aðkomuskip enga skyldu til þess að biða með að hafa samgöngur við land þangað til læknir hefir rannsakað þau, nema undir alveg sjerstökum kringumstæðum, og því síður ber þeim lagaskylda til að bera kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir. Þetta fyrirkomulag hefir á síðari árum þótt viðsjárvert og ekki áhættulaust fyrir landslýð. Munu því flestallir þeir staðir, sem mestar beinar samgöngur hafa við útlönd, hafa tekið upp þann síð nú á síðari árum að láta lækni rannsaka hvert aðkomuskip, áður en því eru leyfðar samgöngur við land. Skipin hafa enn sem komið er þegjandi viðurkennt þetta fyrirkomulag og borið kostnaðinn við það.

Þetta fyrirkomulag virðist samt sem áður sjálfsagt að lögfesta, enda miklu meiri trygging í því heldur en í hinu, og mundu menn yfirleitt verða forviða, ef því væri ekki fram haldið.

Sú borgun, sem læknum var ákveðin fyrir þessar rannsóknir 1902, var þá mjög sómasamleg, horin saman við þágildandi verðlag peninga og borgun til lækna fyrir önnur störf. Nú orðið nær hún því ekki nokkurri átt, enda má telja það nokkurn veginn víst, að því ákvæði sje hvergi fylgt sem stendur, nema í Reykjavík.